

**1985 nr. 51 24. júní****Lög um ríkislögmann**

**Tóku gildi 1. janúar 1986.** *Breytt með:* L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997). L. 7/1999 (tóku gildi 5. mars 1999). L. 47/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 117/2016 (tóku gildi 1. jan. 2018, nema 52., 53., 75., 76. og 79.–81. gr. sem tóku gildi 28. okt. 2016). L. 79/2019 (tóku gildi 6. júlí 2019; koma til framkvæmda skv. fyrirmælum í brbákv.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Embætti ríkislögmanns er sjálfstæð stofnun og heyrir undir [stjórnarráðið].<sup>1)</sup>

□ [Ráðherra skipar ríkislögmann til fimm ára í senn.]<sup>2)</sup> Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Hann skal enn fremur hafa réttindi til málflyttings fyrir Hæstarétti.

<sup>1)</sup> L. 7/1999, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 83/1997, 45. gr.

**■ 2. gr.**

□ Ríkislögmaður fer með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði. Ráðherrar geta óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samninga-gerð.

□ Ríkislögmaður fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

□ Ríkislögmaður gerir fyrir hönd ríkisins kröfur einkaréttarlegs eðlis í [sakamálum].<sup>1)</sup>

□ Utan starfssviðs ríkislögmanns falla dómsmál sem ríkisbankar eða fjárfestingarlánasjóðir í eigu ríkisins eiga aðild að. Enn fremur dómsmál til innheimtu opinberra gjalda, orlofsfjár, viðskiptaskulda eða hliðstæðra krafna nema ráðherra, sem hlut á að máli, óski atbeina ríkislögmanns við meðferð einstakra mála. . . .<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>2)</sup> L. 79/2019, 29. gr.

**■ 3. gr.**

□ Við embætti ríkislögmanns starfa auk hans . . .<sup>1)</sup> lögfræðingar sem ríkislögmaður getur falið einstök mál sem embættið hefur til meðferðar enda fullnægi þeir lagaskilyrðum til að flytja slík mál.

□ Ríkislögmaður getur enn fremur falið [lögmonnum]<sup>2)</sup> utan embættisins meðferð einstakra mála að fengnu samþykki þeirrar ríkisstofnunar sem hlut á að máli.

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 46. gr. <sup>1)</sup> L. 117/2016, 18. gr.

**■ 4. gr.**

□ Ráðherra getur með reglugerð<sup>1)</sup> kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um skiptingu kostnaðar af mál-efnum sem ríkislögmanni eru falin.

<sup>1)</sup> Rg. 111/2008.

**■ 5. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.